

Föstudaginn 18. marz 1955.

Nr. 32/1954. **Ákærvaldið** (Theodór B. Lindal)

gegn

Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni

(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárárar Hæstaréttar.

Brot gegn lögum um iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með 17. tölulið 5. gr. reglugerðar um iðnaðarnám nr. 87/1928, sem sett var samkvæmt lögum nr. 11/1927, var ljósmyndarastarfsemi gerð löggilt iðngrein, er iðnaðarnáms þurfti til. Hefur þetta haldizt síðan, sbr. 16. tölulið 13. gr. reglugerðar um iðnaðarnám nr. 38/1941, er sett var samkvæmt lögum nr. 100/1938, og nú 24. tölulið 59. gr. reglugerðar um iðnfræðslu nr. 130/1952, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1949.

Í máli þessu er leitt í ljós, að ákærði fullnægir ekki skilyrðum iðnlöggjafarinnar til að reka ljósmyndarastarf sjálfstætt í atvinnuskyni hér á landi. Þegar réttarpróf í málinu hófust hinn 27. febrúar 1952, kannaðist ákærði við, að hann hefði frá því á árinu 1946 unnið að ljósmyndatöku, aðallega fyrir 2 tiltekin dagblöð og nokkrar stofnanir, og selt þeim myndirnar. Kvaðst hann ekki geta fallizt á að hætta þessari ljósmyndarastarfsemi sinni.

Framangreind starfsemi ákærða á tímabilinu frá 27. febrúar 1950 til 18. október 1952, er ákæruskjal var út gefið, varðar hann refsingu samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Að því er tekur til eldri ljósmyndarastarfsemi ákærða, er sök hans nú fyrnd samkvæmt lögjöfnun frá 81. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theodórs B. Línalds og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. september 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 8. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3265/1953: Ákærvaldið gegn Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni, sem dómtekið var 31. júlí s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 18. október 1952, gegn Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni frétta-ljósmyndara, Blómvallagötu 10 A, hér í bæ, fyrir brot á iðnlöggjöf-inni samkvæmt lögum nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. lög nr. 105/1936, 2. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að stunda ljós-myndatöku og ljósmyndagerð sem iðn án þess að hafa iðnréttindi, t. d. taka hópmyndir og myndir af einstaklingum og tækifærismyndir af atburðum og atvikum gegn greiðslu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. júní 1910 í Reykjavík, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé:

- 1933 9/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir líkamsmeiðingar, og 100 kr. skaðabætur.
- 1934 13/11 Sætt. Sekt 75 kr. fyrir ölvun o. fl.
- 1935 16/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

- 1935 27/2 Kærður af Guðm. P. Guðmundssyni fyrir svik.
- 1935 27/3 Dómur aukaréttar í sama máli. 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.
- 1935 24/11 Kærður fyrir ölvun og óspektir. Látið falla niður.
- 1944 24/8 Rvík. Sátt. 25. kr. sekt fyrir slagsmál og brot gegn 17. gr. áfengislaganna.
- 1944 10/11 Rvík. Sátt. 10 kr. sekt fyrir brot gegn 9. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
- 1945 24/9 Dómur lögregluréttar. 10 daga varðhald fyrir brot gegn 38. gr. bifreiðalaganna.
- 1946 20/4 Rvík. Sátt. 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1950 3/3 Dómur. 10 daga varðhald, ökuleyfisvipting í 6 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.
- 1950 21/7 Dómur. 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.
- 1952 5/12 Sátt. 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 1952, kærði stjórn Ljósmyndarafélags Íslands það til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Jens Pétur Thomsen Friðriksson, hefði um alllangt skeið stundað ljósmyndatöku og ljósmyndagerð, á þann hátt, að telja verði gert í atvinnuskyni, án þess að hafa til þess iðnréttindi. Þessu til rökstuðnings var á það bent, að ákærði hefði stundað gegn greiðslu að taka hópmyndir og myndir af einstaklingum og tækifærismyndir af atburðum og atvikum og síðan selt myndirnar einstaklingum, blöðum, félögum og stofnunum. Sem dæmi um þetta frá ýmsum tímum voru nefnd: Ljósmyndun af Vinnuhælinu að Reykjalundi og Circus Zoo fyrir S.Í.B.S., ljósmyndun af fyrstu komu Gullfoss fyrir Eimskipafélag Íslands, ljósmyndir af Reykjavíkursýningunni o. fl. fyrir Reykjavíkurbæ, ljósmyndun fyrir Landsíma Íslands, Stangarveiðifélag Íslands, Veitingaþjónafélag Íslands, af sjúklingum á Vífilsstöðum, starfsfólki Ísafoldarprentsmiðju, fyrir Ungmennafélag Íslands, Skátafélögin og Badmintonsamband Íslands.

Sigurður Guðmundsson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, mætti sem vitni í máli þessu og staðfesti framangreint bréf. Kvað vitnið stjórn Ljósmyndarafélagsins ekki hafa verið kunnugt um það, fyrir en á árinu 1950, að ákærði starfaði sem ljósmyndari.

Ákærði skýrði fyrst í stað svo frá atvikum, að hann hefði starfað sem fréttaljósmundari hér á landi síðan árið 1946. Kvaðst hann aðallega hafa unnið fyrir Morgunblaðið og Vísi. Viðurkenndi hann að hafa unnið að ljósmyndun fyrir stofnanir þær, er að framan greinir, og selt þeim síðan myndirnar. Ekki kvaðst ákærði hafa ljósmyndað iðnréttindi hér á landi, en hins vegar hefði hann þau í mörgum öðrum löndum. Ákærði kvaðst hafa reynt að komast að samkomu-

lagi við ljósmyndara um starf sitt, en það hefði ekki tekizt. Hann tók fram, að hann hefði ekki sett upp ljósmyndastofu, ekki tekið fólk í vinnu og ekki auglýst starfsemi sína, heldur tekið ljósmyndir eftir beiðni annarra hverju sinni. Vildi hann gera greinarmun á stofuljósmyndurum og öðrum ljósmyndurum.

Fór nú málið til umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur. Í bréfi, dagsettu 10. júní 1952, taldi Iðnráðið, að með því að sannað væri og viðurkennt af ákærða, að hann hafi ljósmyndun að atvinnu án þess að hafa til þess tilskilin réttindi, hefði hann gerzt brotlegur við iðnlöggjöfina. Iðnráðið taldi mjög vafasamt, að ákærði hefði lagalegan rétt til ljósmyndunar í öðrum löndum, en að sjálfsögðu yrði ákærði að hlíta íslenskum lögum um atvinnuréttindi hér eins og aðrir. Á þessum forsendum taldi það kærana á rökum reista.

Er ákæruskjal var birt ákærða 21. janúar s.l., óskaði hann eftir því, að Kristján Guðlaugsson hrl. yrði skipaður verjandi sinn, og var það gert. Í bréfi, dagsettu 25. febrúar s.l., óskaði skipaður verjandi ákærða eftir því, að framhaldsrannsókn færi fram í málinu. Sem rök fyrir beiðni þessari kvað skipaður verjandi vera þau, að fyrirtækið „Filmphoto“ hefði verið skrásett 15. maí 1950 af Friðrik Clausen ljósmyndara og ákærða. Tilgangur félagsins hefði verið alls konar ljósmyndaraíðn, þar á meðal sú starfsemi, sem ákærði hefði með höndum fyrir blöð og stofnanir og talin er brjóta í bág við iðnlöggjöfina. Við rannsókn málsins hefði þetta atriði ekki komið fram, en það gerbreytti öllum málsviðhorfum, með því að starfsemi ákærða hefði farið fram í samvinnu við Friðrik Clausen á vegum fyrirtækis þeirra.

Er ákærði mætti að nýju, kvaðst hann óska eftir að taka fram nokkur atriði, sem sér hefði láðst að geta um í upphafi málsins. Hefði þetta stafað af því, að hann hefði álitnið kærinni beint gegn sér persónulega. Kvaðst hann hafa byrjað að starfa að ljósmyndur með Friðrik Clausen, sem er meistari í faginu, á árunum 1947 eða 1948, að því er hann bezt minnti. Árið 1950 stofnsettu þeir fyrirtækið „Filmphoto“ og létu skrásetja það sama ár. Fyrirtækið hefur haft aðsetur að Blómvallagötu 10 A. Ákærði og Friðrik Clausen hafa starfað þar að allri algengri ljósmyndavinnu, nema „Studio“-vinnu. Friðrik hefur haft yfirumsjón með fyrirtækinu, en ákærði hefur starfað sjálfstætt á vegum þess.

Friðrik Clausen hefur staðfest þenna framburð ákærða. Kvaðst hann hafa unnið meira og minna með ákærða að ljósmyndun undanfarin ár. Hefðu þeir ákærði unnið tveir einir á vegum fyrirtækisins, og ákærði undir yfirumsjón hans. Ákærði hefur þó unnið að ljósmyndagerð sjálfstætt, án þess að hann hefði dagleg afskipti af því. Þá tók Friðrik fram, að ákærði byggi til ljósmyndir, án þess að hann hefði afskipti af því hverju sinni, enda væri það óþarfi, þar sem hann væri mjög vel fær í iðninni. Kvað hann þá ákærða hittast næstum vikulega.

Framangreind atriði voru kynnt vitninu Sigurði Guðmundssyni. Kvað vitnið Friðrik Clausen hafa unnið á „Ljósmyndastofu Herðisar Guðmundsdóttur“ í Hafnarfirði, nema nokkra mánuði, eftir að fyrirtækið „Filmphoto“ var stofnað. Er Friðrik var kvaddur aftur fyrir dóm, kvað hann þetta rétt vera. Tók hann í því sambandi fram, að hann hefði mjög frjálssar hendur um það, hvernig hann starfaði. Mætti hann vera frá störfum, þegar sér sýndist.

Að framhaldsrannsókn lokinni var málið sent að nýju til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfi, dagsettu 16. júní s.l., tók ráðuneytið fram, að það teldi ekki efni til að fella niður saksókn gegn ákærða eða breyta ákæruskjali. Lagði ráðuneytið fyrir, að málið yrði tekið til dómsálagningar samkvæmt ákæruskjali.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hefur á það verið bent, að með því að ákærði starfi á ábyrgð meistara, sem nýtur fullra réttinda, þ. e. Friðriks Clausens, og einnig með tilliti til hins, að hann eigi rétt á viðurkenningu, þótt hann hafi ekki enn sem komið er getað lagt fram nauðsynleg skilríki af honum óviðráðanlegum orsökum, þá vilji hann fara þess á leit, að ákærði verði sýknaður af öllum ákæruatriðum, en sér dæmd málsvarnarlaun af opinberu fé. Til vara gerði skipaður verjandi þá kröfu, að ákærði yrði sýknaður að svo stöddu til þess að honum gæfist kostur á að afla sér skilríkja, en að því ynnu íslenzk stjórnvöld með ákærða.

Á þetta verður ekki fallt. Það er sannað af framburði ákærða sjálfs og Friðriks Clausens, að ákærði stundar sjálfstætt í atvinnuskyni ljósmyndatöku og ljósmyndagerð án iðnréttinda.

Þykir ákærði með því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 14. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936. Samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 500.00.

Gerð hefur verið grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, í gögnum málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Pétur Thomsen Friðriksson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.